

Innlent | Morgunblaðið | 10.8.2018 | 7:27 | Uppfært 9:00

# „Ys og þys út af litlu sem engu“



Listamaðurinn Kevin Sudeith skar listilega út lágmyndir, fugl og reiðmann. *Ljósmynd/Kevin Sudeith*



## Morgunblaðið

 Setja bókamerki

„Mér finnst þetta mikill ys og þys út af litlu sem engu,“ segir Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, spurður um fyrirspurn frá Umhverfisstofnun sem bæjarstjórninni var send í kjölfar áletrana á kletta og náttúrumyndanir í Stöðvarfirði og fjallað var um í Morgunblaðinu í gær.



Frétt af mbl.is

### Áletranir standast ekki lög

„Umhverfisstjóri hefur svarað þeim,“ segir Jón og bætir við: „Þegar við tókum málið fyrir á vettvangi [umhverfis- og skipulagsnefndar] í vetur þá var það mat okkar og skipulagsfulltrúa að þetta væri ekki leyfisskyldur gjörningur af okkar hálfu, þ.e. við yrðum ekki að veita framkvæmdaleyfi. Málið var kynnt á grundvelli náttúruverndarlaganna. Þarna lá fyrir leyfi landeiganda.“

Jón bendir á að berggangar sem þessir séu nokkuð algengir á svæðinu og í umfjöllun um málið í vetur hafi náttúru- og skipulagsnefnd ekki talið að þarna væri um að ræða náttúruvætti sem um gilda sérstök lög.

Umhverfisstofnun telur áletranirnar brjóta í bága við náttúruverndarlög.